

## Skólaráðsfundur 10. febr. 2014

Fundarmenn: Aðalheiður G., Helga Veronika, Helgi, Hulda Sólveig, Marsibil, Róbert Elís, Sigurður, Sveindís og Úlfhildur. Sigríði vitum við ekki um, en Sveindís var á fundi annars staðar.

1. Helgi skólastjóri dreifði **skóladagatalinu fyrir skólaárið 2014-2015, önnur drög.** Það hefur ekki verið farið yfir það hjá kennurum á kennarafundi. Það eru settir inn 6 rauðir dagar núna, en það vantar fjóra daga. Þeir gætu verið mismunandi eftir deildum.
2. **Skólapúlsinn:** Helgi kynnti niðurstöður þriggja mælinga í september og nóvember 2013 og í janúar 2014. Ýmsar niðurstöður komu fram. Þar má nefna að ánægja af lestri er ekki nóg hjá okkur. Skoða þarf það betur. Ánægja af lestri er mest hér í 6. bekkjum. Stúlkur hafa meiri ánægju af lestri en drengir. Strákar hafa meira sjálfsálit en stúlkur. Nemendum okkar líður jafn vel og nemendum í öðrum skólum. Einelti er meira meðal stúlkna en drengja. Farið verður betur yfir niðurstöður úr Skólapúlsinum í vor þegar allir nemendur í 6.-10. bekk hafa svarað könnuninni.
3. Umræður urðu um **lestur og lestrarkennslu.** Það er spennandi að vita hvernig PALS kemur út hjá okkur. Það er látið lesa í alls kyns lestrarbókum í byrjun dags í miðdeildinni.
4. 7. bekkir fara að **Reykjum þann 7. apríl – 11. apríl.** Dagsetningarnar breyttust.
5. Rætt var um skíðaferð en mikill áhugi er fyrir því að skólinn standi fyrir dagsferð upp í Bláfjöll með nemendum í mið- og elstu deild.
6. **L** er að koma í HVA EYRARSKÓLI. Svanlaugur hefur lofað því.
7. Gurrý mun kaupa **örbylgjuofn** til þess að setja inn í matsal á morgun.
8. Ath. með starfsfólk að það sé **opnað fyrir börnunum** ef þau þurfa að komast á salerni í frímínutum. Það er gert og umræður hafa verið teknar af skólastjórum um þetta mál með starfsfólki.

Næsti fundur verður þann 17. mars kl. 14.30.

Samantekt: Marsibil Ólafsdóttir.